

Miðvikudaginn 5. október 1949.

Nr. 140/1948. **Ólafur P. Ólafsson**

gegn

Arnóri Steinasyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gangi í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, þau atriði, sem nú verða talin.

1. Rétt er, að þeir stefndi, Arnór Steinason, og Páll Vídalín Magnússon gefi rækilegar skýrslur um það, sem þeim fór á milli, er kaup þeirra gerðust um sauðfé það, sem í málinu greinir. Skulu þeir sérstaklega látnir gera grein fyrir því, hvað Páll Vídalín tjáði Arnóri um heimildir sínar á sauðfénu og hvers Arnór spurði Pál Vídalín í því efni.
2. Þeir Arnór og Páll Vídalín skulu og inntir sagna um fódurbæti þann, sem Arnór lét upp í kaupverðið, hvernar tegundar hann var, hversu mikill að vöxtum og á hvaða verði reiknaður.
3. Rétt er að yfirheyra áfrýjanda, Ólaf Ólafsson, allrækilega um það, hvenær hann fékk fregnina um, að Páll Vídalín væri búinn að farga sauðfénu, og hvort hann, þ. e. Ólafur, hafi þá þegar hafizt handa um að fá þeim kaupum riftað. Páll Vídalín skal og spurður um það, hvenær Ólafur hafi fyrst talað um söluna við hann og hvað þeim Ólafi hafi þá og síðar farið á milli varðandi hana.
4. Fá skal skýrslur kunnáttumanna um verð það, sem Arnór greiddi fyrir sauðféð. Þá skal og gerð sundurliðuð skýrsla um þær kindur, sem nú er krafizt innsetningar í.
5. Æskilegt er að fá umsögn forðagæzlumanna hreppsins um fódurbirgðir Páls Vídalíns haustið og veturinn 1947—1948, hvort þeir hafi talið nauðsynlegt að farga þá fénaði í Belgsholti vegna yfirvofandi hættu á fódurskortu, svo og,

hvort færi hafi verið á öflun fóðurbætis í verzlunum á þeim tíma.

Þá skal áfrýjanda gefinn kostur á því að gefa skýrslu um það, hvernig fénaðurinn í Belgsholti var talinn fram til skatts veturinn 1947 og 1948.

Loks er æskilegt, að skýrslna sé aflað um öll atriði, sem efni verða til, og að þeir, er skýrslur gefa, verði samspurðir um þau atriði, sem þeim ber á milli um eða ástæða annars verður til að skýra frekar.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 5. október 1949.

Kærumálið nr. 15/1949.

Karl Dúason

gegn

Jósep Blöndal, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálssyni, Gestí Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður héraðsdóms, sem heimilaði vitni staðfestingu vættis síns, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kærú 17. ágúst þ. á., er hingað barst 15. f. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði merkjadóms Siglufjarðarkaupstaðar 11. ágúst sl., þar sem varnaraðilja Jósep Blöndal var heimilað að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Gerir sóknaraðili þær dóm-